



Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. júlí 2006
Tilvísun: 2006060020
Bréfalykill: 22.2

Efni: Umsögn Orkustofnunar um 1. kafla leiðbeininga um umhverfismat áætlana.

Orkustofnun hafa borist til umsagnar drög að leiðbeiningum um umhverfismat áætlana skv. lögum nr. 105/2006. Í kafla 1.3, Áætlanir háðar umhverfismati, eru talin upp dæmi um áætlanir sem unnar hafa verið hér á landi og teljast uppfylla skilyrði til að falla undir lög. Er þar m.a. nefnd raforkuskýrsla skv. 39. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Í 7. tl. 1. mgr. 39. gr. raforkulaga segir að í raforkuskýrslu skuli fjalla um þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu. Í raforkuskýrslu er hins vegar ekki að finna áætlun um framkvæmdir á sviði raforkumála. Raforkuskýrslu er frekar ætlað að vera yfirlit yfir ástand mála á raforkumarkaði, sbr. það sem segir í athugasemd með 39. gr. frumvarps þess sem varð að raforkulögum (128. löggjafarþing 2002–2003. Þskj. 700 — 462. mál.): "*Upplýsingagjöf um ástand raforkumarkaðarins er mikilvæg í því sambandi og þykir rétt að ráðherra upplýsi Alþingi reglulega um þróun mála.*" Orkustofnun telur því rétt að raforkuskýrsla verði tekin út úr upptalningu áætlana sem falli undir lög um umhverfismat áætlana. Stofnunin telur hins vegar að brýn þörf sé á að mörkuð verði stefna og áætlun gerð um orkuframkvæmdir, sem þá félli undir lög um umhverfismat áætlana.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir